



## Skólaveturinn 2022-2023

### Kennsluáætlun 7. bekkur - Tónmenntalota

Sameiginleg hæfniviðmið fyrir list- og verkgreinar

Við lok 7. bekkjar getur nemandi:

- Útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar,
- Hagnýtt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni,
- Tekið tillit til annara í hópvinnu og sýnt frumkvæði

Hæfniviðmið í tónmennt

Við lok 7. bekkjar getur nemandi:

- greint og valið hljóðfæri og hljóðblæ við hæfi í tónsköpun og hlustun,
- beitt eigin rödd á viðeigandi hátt í ólíkum raddverkum og söng, bæði í eigin verkum og annarra,
- notað einföld tæki og forrit til að taka upp, skrásetja og setja saman eigið hljóð- eða tónverk,
- tekið þátt í samspili eða samsöng með öðrum og flutt og túlkað eigin verk eða annarra með viðeigandi hætti fyrir áheyrendur og skrásett það,
- greint ólíkar stíltegundir, myndað sér skoðun á þeim og rökstutt hana,
- greint og útskýrt samhengi tónlistar og ólík tónlistarstílbrigði og tengt við þá menningu sem hann er sprottinn úr,
- greint og að einhverju marki metið og endurskoðað eigin sköpunarverk og skólasystkina sinna í tónlist af sanngirni.

Tónmennt - Iota 7.bekk			Kennari: Álfheiður Björgvinsdóttir		
Vika	Hæfni viðmið Við lok 7. bekkjar á nemandi að geta:	Námsþættir	Námsefni/ kennslugögn	Leiðir	Matsviðmið/ Námsmat
1	Útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar  Hagnýtt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni	Yfirsýn yfir eigið vinnuframlag	Spjaldtölvur Forrit að eigin vali sem nýta má í dagbókarskrif	Nemendur halda dagbók yfir námslotuna.	Einstaklingsverkefni  Sjálfsmat
1-6	greint ólíkar stíltegundir, myndað sér skoðun á þeim og rökstutt hana greint og valið hljóðfæri og hljóðblæ við hæfi í hlustun	Hlustun  Núvitund	Tóndæmi frá ýmsum áttum í tónlistarsögunni.	Kennari kemur með eitt hlustunardæmi í hverjum tíma sem spanna verk frá ýmsum tímabilum.	Frammistöðumat
1-6	greint ólíkar stíltegundir, myndað sér skoðun á þeim og rökstutt hana	Hlustun  Framsögn  rökstuðningur	Tóndæmi að vali nemenda	Lag dagsins: Einn nemandi kynnir lag að eigin vali í hverjum tíma.	Einstaklingsverkefni
1	notað einföld tæki og forrit til að taka upp, skrásetja og setja saman eigið hljóð- eða tónverk	Hljóð og tónlist búin til úr umhverfishljóðum.	Spjaldtölvur Myndbönd Garageband	Hlustun Tónssköpun í spjaldtölvur framkoma	Einstaklingsverkefni skilað á Classroom
2	tekið þátt í samspili eða samsöng með öðrum og flutt og túlkað eigin verk eða annarra með viðeigandi hætti fyrir áheyrendur og skrásett það	Taktvitund efld Stomp og tónlist með óhefðbundnum hljóðfærum	Myndbönd Slagverk - hljóðfæri eða annað sem finnst úti og nýta má sem slagverk	Hlustun útikennsla	Hæfni metin í þátttöku og virkni. Taktvitund nemenda skoðuð.

2-3	greint og útskýrt samhengi tónlistar og ólík tónlistarstílbrigði og tengt við þá menningu sem hann er sprottinn úr,	Popp og Rokksaga Íslands  Framsögn	Heimildamynd: Popp og rokksaga Íslands - Heimsyfirráð eða dauði / Ekkert vex af engu  Spjaldtölva - alnetið  Blöð, karton, skriffæri	Nemendur horfa á heimildarmynd sem fjallar um íslenskar hljómsveitir á árunum 1985-1995 eða 2000-2010  Kahoot spurningar  Nemendur vinna veggspjald með hljómsveit að eigin vali og halda kynningu.	Kahoot  Veggspjald  Einstaklingsverkefni
3	tekið þátt í samspili eða samsöng með öðrum og flutt og túlkað eigin verk eða annarra með viðeigandi hætti fyrir áheyrendur og skrásett það	Slagverk stofunnar Spuni Tónsköpun	Ýmis slagverkshljóðfæri	Nemendur læra einfalda takta og spila saman. Kennt er með hermiaðferð og spuna.	Hópaverkefni Jafningjamat
4	tekið þátt í samspili eða samsöng með öðrum og flutt og túlkað eigin verk eða annarra með viðeigandi hætti fyrir áheyrendur og skrásett það	Stafspil Tónsköpun spuni	Stafspil og sleglar	Nemendur spila á stafspil, bæði í spuna og tilbúnar	Hópaverkefni Þátttaka og virkni Færni og framfarir metnar í vinnuferli.
4-5	tekið þátt í samspili eða samsöng með öðrum og flutt og túlkað eigin verk eða annarra með viðeigandi hætti fyrir áheyrendur og skrásett það	Ukulele einföld grip spuni tónsköpun	Ukulele	Nemendur læra grunngríp á ukulele  Farið verður lög með einföldum gripum	Hópaverkefni Þátttaka og virkni Færni og framfarir metnar í vinnuferli.
5	greint og útskýrt samhengi tónlistar og ólík tónlistarstílbrigði og tengt við þá menningu sem hann er sprottinn úr,	Hip Hop Tónsköpun	Heimildarmynd: Hip hop evolution. 1.þáttur	Nemendur horfa á fyrsta þátt í seríunni Hip-hop evolution og	Einstaklingsverkefni: Kynning á listamanni

		Textagerð Framsögn	spjaldtölvur Garage-band	<p>kynna sér upphaf Hip-hop tónlistar.</p> <p>Nemendur velja sér listamann/listakonu/hljómsveit að eigin vali sem flokkast undir tónlistarstefnuna og búa til kynningu í spjaldtölvu.</p> <p>Nemendur eiga að semja takta í Garageband og búa til lítinn rapptexta eða nýta ljóð að eigin vali og taka upp. Lagið skal vera 30 sek.</p>	<p>Hópaverkefni: Tónsmíð</p> <p>Skil á Classroom</p>
6	tekið þátt í samspili eða samsöng með öðrum og flutt og túlkað eigin verk eða annarra með viðeigandi hætti fyrir áheyrendur og skrásett það,	Ábreiða tónlistarsaga	Hljóðfæri að eigin vali spjaldtölvur	<p>Hópurinn ákveður í sameiningu eitt lag sem nemendur ætla að vinna með. Nemendur skoða uppbyggingu, hljómagang og finna leiðir til að gera lagið að sínu.</p> <p>Nemendur hafa um öll hljóðfæri tónmenntastofunnar að velja og nálgast þau á eigin forsendum og styrkleikum.</p>	<p>Leiðsagnarmat í vinnuferli.</p> <p>Jafningjamat í vinnuferli.</p> <p>Færni og framfarir metnar í vinnuferli</p> <p>Sjálfsmat í dagbók.</p>



Allur veturinn	tekið þátt í samsöng með öðrum og flutt og túlkað verk annarra með viðeigandi hætti fyrir áheyrendur	Söngur	Ýmis sönglög veraldarvefur	Nemendur í 7.bekk hafa val um að syngja í kórstuði eða söngstuði. Kórstuð leggur áherslur á fjölradda söng og fjölbreytta tónlist en í söngstuði eru tekin fyrir sönglög úr ýmsum áttum.	Þátttaka og virkni í söng. Leiðsagnarmat á sér stað allt árið.
----------------	--	--------	----------------------------	--	---

### Námsmat

A: Framúrskarandi : Ég kem með mínar eigin hugmyndir, sjónarmið og stíl í hverju sem ég tek mér fyrir hendur. Ég þekki efnið mjög vel og get miðlað því áfram.

B: Vel gert : Ég næ færninni sem stefnt er að og er tilbúinn til að halda áfram.

C: Haltu áfram að æfa þig : Ég næ að nýta mér þekkinguna í kunnuglegum verkefnum og aðstæðum en þarf stundum aðstoð.

D: Þú getur þetta : Ég er að læra og þarf aðstoð frá öðrum og meiri æfingu.